



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2019

Egilsstaðir, febrúar 2020

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2019	1
3	Framkvæmdir árið 2019	2
3.1	Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði.....	4
3.1.1	Hrafnkelsdalur.....	4
3.1.2	Skænudalur.....	4
3.1.3	Glúmsstaðadalur.....	4
3.1.4	Laugavalladalur.....	4
3.1.5	Hallarfjall	4
3.1.6	Múli	4
3.1.7	Brú.....	4
3.1.8	Heiðarsel.....	4
3.1.9	Grunnavatnsalda.....	5
3.1.10	Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)	5
3.1.11	Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir	5
3.1.12	Skjöldólfsstaðhnjúkur.....	5
3.2	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....	5
3.2.1	Hólmatunga/Hnitbjörg	5
3.2.2	Galtastaðir	5
3.3	Framlag til bænda.....	6
3.4	Kort af framkvæmdum sjóðsins.	6
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða.....	12
4.1	Jökuldalsheiðin.....	12
4.1.1	Vorskoðun	12
4.1.2	Haustskoðun.....	15
4.2	Áreyrar	19
4.2.1	Vorskoðun	19
4.2.2	Haustskoðun.....	22
4.3	Bændadreifing	24
5	Fundargerðir stjórnar 2019.....	27

5.1	Fundargerð 92.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 16.01.2018. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	27
5.2	Fundargerð 93.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs fimmtudaginn 24.01.2019. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	28
5.3	Fundargerð 94. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs mánudaginn 28.01.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	29
5.4	Fundargerð 95. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 07.02.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	30
5.5	Fundargerð 96. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 14.03.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	31
5.6	Fundargerð 97. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 21.03.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.....	33
5.7	Fundargerð 98. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 19.06.2019 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.	34
6	Ársreikningar.....	36

Myndaskrá

Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin	1
Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.	1
Mynd 3: Sýnir áborna hektara á ári.	1
Mynd 4: Kort af syðstu svæðunum.	7
Mynd 5: Brú og nágrenni.	8
Mynd 6: Grunnvatnsalda og nágrenni.	9
Mynd 7: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúk.	10
Mynd 8: Áreyrar Jöklu	11
Mynd 9: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu.	12
Mynd 10: Handavinnuflokkur unnið mikið starf í börðum á þessu svæði.	12
Mynd 11: Stök víðitorfa á Skænudal. Ekkert unnið á þessu svæði í sumar.	13
Mynd 12: Rýnt í torfuna. Áburðargjöf síðustu ára hefur styrkt hana töluvert.	13
Mynd 13: Séð yfir Faxasvæðið.	13
Mynd 14: Laugavellir. Líta talsvert betur út þetta árið eftir dreifinguna í fyrra.	13
Mynd 15: Laugavalladalur. Melsvæðið inn af Vesturdalsá. Sárin voru óðum að lokast en verulegur aukin ágangur búfjár í dalnum er áhyggjuefni.	13
Mynd 16: Stór svæði í dalbotni afar viðkvæm.	13
Mynd 17: Múli. Borið var á hægra megin 2018 en vinstra megin 2017.	14
Mynd 18: Múli. Ábórið árið áður.	14
Mynd 19: Suður á Múla.	14
Mynd 20: Norður af Múla.	14
Mynd 21: Séð norður á Grænaxlarsvæðið. Svæðið er afgirt og beitt að hluta.	14
Mynd 22: Séð suður á Grænaxlarsvæðið í átt til Múla.	14
Mynd 23: Landgræðslugirðing við Sænautasel.	15
Mynd 24: Bjallkolluhraun. Svæðið hefur tekur vel við áburði undanfarin ár. Ekki var borið á þarna í ár.	15
Mynd 25: Toddastykki. Mikið laust efni er á svæðinu sem sverfur að eftirstandandi gróðri.	15
Mynd 26: Toddastykki. Enn má sjá líf í tilraun með sáningu frá árinu 2017 í einum "bollanum". Gengur takmarkað að koma gróðri til við þessar aðstæður.	15
Mynd 27: Langímór í Hrafnkelsdal. Unnið hefur verið þarna með hléum í mörg ár og kominn talsverður stöðugleiki í svæðið.	16
Mynd 28: Langímór.	16
Mynd 29: Skænudalur grýttur á kafla. Stærri skammtar notaðir á neðsta hluta 2017.	16
Mynd 30: Skænudalur. Sum staðar komin töluverð skán í svörð.	16
Mynd 31: Laugavalladalur.	16
Mynd 32: Laugavalladalur. Mjög viðkvæm kerfi þarna. Með uppgræðslu þarna er m.a. verið að stuðla að bindingu lauss sands og vikurs í dalnum.	16
Mynd 33: Múli. Alloft verið breitt þarna beggja vegna slóða.	17
Mynd 34: Sami staður og hér til hliðar.	17
Mynd 35: Við Svínabúðalæk. Svæðið fékk áburð í fyrra.	17
Mynd 36: Sami staður og hér til hliðar.	17
Mynd 37: Grunnvatnsalda. Yfirleitt líða nokkur ár á milli breiðslu svæða þarna.	17
Mynd 38: Við nyrðri enda Ánavatns. Börð fyrir miðri mynd hafa lokast töluvert.	17
Mynd 39: Botnahraun. Gamalt uppgræðslusvæði sem sjóðurinn hefur sinnt eftirfylgni á.	18
Mynd 40: Út af Lönguhlíð. Svæðið var breitt í sumar.	18

Mynd 41: Undir Skollagrenisási. Svæðið tekur yfirleitt vel við áburði, oft hæfilega rakt.....	18
Mynd 42: Nærmynd af sama svæði.....	18
Mynd 43: Ofan við Toddastykki séð til austurs.	18
Mynd 44: Ofan við Toddastykki, séð í norðurs.	18
Mynd 45 : Víðir víða að ná sér á strik þar sem umhverfið er stöðugt og næst í raka.	19
Mynd 46: Skófir og mosar oft fyrsta skrefið.	19
Mynd 47: Melablóm.....	19
Mynd 48: Lúpína finnst nú orðið víða austan við ána.....	19
Mynd 49: Set í kjölfar flóða eða áfok hefur kæft lágvaxnari gróður a.m.k. tímabundið.	20
Mynd 50: Melur í Innri Galtastaðeyri.	20
Mynd 51: Innri Galtastaðeyri. Á ysta hlutinn lendir undir flóðavatni flest árin að hluta.....	20
Mynd 52: Innri Galtastaðeyri. Enn talsvert af lausum sandi á svæðinu.	20
Mynd 53: Ríflega mannhæðar brúskar finnast á eyrunum. Melurinn bindur torfuna og gerir víðinum tilvistina mögulega.....	20
Mynd 54: Galtastaðeyri. Hér hefur vatn skolað burt eldri uppgræðslu nærri jaðri á Ytri Galtastaðeyri.....	20
Mynd 55: Surtssstaðeyri. Ummerki um flóðavatn.	21
Mynd 56: Surtssstaðeyri. Ummerki um nýlega áburðargjöf.....	21
Mynd 57: Hnitbjörg. Súrur taka oft hvað best við sér við breiðslu á eyrarnar.....	21
Mynd 58: Hnitbjörg. Sum staðar kominn allgóð gróðurþekja.	21
Mynd 59: Hnitbjörg. Melablóm áberandi þar sem breitt var árið áður.	21
Mynd 60: Geldingahnappur í breiðslu frá árinu á undan.	21
Mynd 61: Hnitbjörg. Víða má sjá leifar af sáningu frá fyrstu aðgerðum.....	22
Mynd 62; Hnitbjörg.....	22
Mynd 63: Hnitbjörg.....	22
Mynd 64: Töluverð ummerki um beit ýmis konar.	22
Mynd 65: Surtssstaðeyri. Breidd síðast 2018.....	22
Mynd 66: Surtssstaðeyri.....	22
Mynd 67: Undir Kolöxl.....	23
Mynd 68: Víðir í skjóli Beringspunts.....	23
Mynd 69: Innri Galtastaðeyri. Svæðið hefur ekki verið breitt í mörg ár. Er stöðugt en framvinda hæg.....	23
Mynd 70: Fátt annað en vingull og leifar af sáðum Beringspunti finnast á þessu svæði.....	23
Mynd 71: Melur á Innri Galtastaðeyri. Flóðarásir skera svæðið.....	23
Mynd 72: Innri Galtastaðeyri. Melurinn náði einhverjum fræðroska þrátt fyrir óhagstæða veðráttu.....	23
Mynd 73: Galtastaðeyri. Árangur verið mjög góður flest árin á þessum slóðum. Ráðgjafarnefnd að störfum.....	23
Mynd 74: Meðal fyrstu uppgræðslum á Galtastöðum.....	23
Mynd 75: Hákonarstaðir.....	24
Mynd 76: Hákonarstaðir.....	24
Mynd 77: Eiríksstaðir.....	24
Mynd 78: Eiríksstaðir.....	24
Mynd 79: Klaustursel.	24
Mynd 80: Klaustursel.	24
Mynd 81: Merki.	25
Mynd 82: Merki.	25
Mynd 83: Hnefilsdalur.	25



Mynd 84: Hnefilsdalur.	25
Mynd 85: Teigasel.....	25
Mynd 86: Teigasel.....	25
Mynd 87: Teigasel.....	26
Mynd 88: Teigasel.....	26

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni nema annað sé tekið fram. Hann sá einnig um korta- og gagnavinnslu og tók saman efni skýrslunnar.


1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Aðal markið þess er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.


Skýrslur sjóðsins er m.a. hægt að nálgast á rafrænu formi á vefnum sjalfbaerni.is (umhverfi – umhverfisvísar), vef Austurbrúar, Alcoa og Landsvirkjunar um sjálfbærniverkefni á Austurlandi.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2019


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6.574 ha lands. Sum svæði hefur verið farið oft um og



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.



Mynd 3: Sýnir áborna hektara á ári.

jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning eða er nýbyrjað á. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrarnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2019

Svæði	ha	Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Hrafnkelsdalur og vestan hans, Jökuldalsheiði, Brúaröræfi og Möðrudalsöræfi, svæði sem sjóðurinn hefur haft ákveðna forgöngu um að græða.
Heiði	5.315	
Áreyrar	652	
Bændadreifing	607	
Samtals	6.574	

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.

3 Framkvæmdir árið 2019

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2019 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift um 165,6 tonnum af áburði á 1.242 hekturum lands og auk þess dreift 100 kg af túnvingulsfræi. Þetta er svipað magn í efnum talið og breitt var árið á undan en heldur hærra hlutfall af P.

Leitað var tilboða í áburð frá helstu áburðarsölum og bárust tilboð frá þeim flestum. Áburðartegundin sem var valin þetta árið var Sprettur 35-15 en einnig var notaður um 10 tonn af Velli 30-10 frá Búvís.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason, Árni Jón Þórðarson, Marteinn Óli Aðalsteinsson og Stefán Bragi Birgisson. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Unnið var að uppgræðslu dagana 29.júní. - 7. júlí. Byrjað á heiðinni og endað á áreyrum og „bændadreifingu“.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna stóð frá 2. – 23. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Verktakar sáu í flestum tilvikum um dreifingu áburðar sem heyrir undir „Framlög til bænda“ en einnig sáu einhverjir landeigendur um sína dreifingu sjálfir. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust en yfirleitt tókst að breiða á svæðin í júní og júlí.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2019.

Aðgerðir 2019				
Skýring	Ha	Tonn áb.	kg N/ha	Sekkir *)
Hrafnkelsdalur	17	2,4	49	4
Skænudalur	137	18,0	46	30
Glúmsstaðadalur	24	3,6	53	6
Laugavalladalur	64	7,2	39	12
Hallarfjall	26	2,4	32	4
Múli	53	7,8	52	13
Brú - Grænöxl	86	12,0	49	20
Brú - Gullborg	138	18,0	46	30
Heiðarsel	25	3,6	50	6
Gunnvatnsalda	158	16,2	36	27
Sænautasel - Gildra	54	8,4	54	14
Skollagrenisás	79	9,0	40	15
Langahlíð	117	13,2	39	22
Toddastykki	31	4,2	47	7
Skjöldólfsstaðahnjúkur	16	1,8	39	3
Hnitbjörg/Hólmatunga	36	5,4	52	9
Galtastaðir fram - ytri	60	9,0	53	15
Eiríksstaðir	15	2,4	56	4
Hákonarstaðir	22	2,4	38	4
Hnefilsdalur	26	2,4	28	4
Merki	16	2,4	53	4
Mælivellir	13	2,4	65	4
Teigasel	10	2,4	72	4
Klaustursel	19	2,4	44	4
Þríhyrningsvatn (handbr.)		0,6		1
Handáburður (unglingar)		5,4		9
Bakkapróf		0,6		1
Skemmdir/afföll				0
*) 600 kg sekkir	Alls:	1.242	165,6	276

3.1 Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði

Á heiði var breitt 134 tonnum af áburði á um 1.025 ha lands. Þar af var 128 tonnum véldreift af verktökum. Unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 5,4 tonnum í skriður og rofabörð og 600 kg var handdreift í rofsvæði við Þríhyrningsvatn. Auk þess sáði unglingahópurinn 120 kg af húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni í sum börðin.

3.1.1 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt um 17 ha svæði, aðallega á Langamó en einnig norðan við á. Byrjað var aftur á Langamó í fyrra eftir nokkurt hlé. Að mestu leiti var dreift með vélum, 6 tonn af áburði en auk þess handdreift 2 sekk í rofabörð bæði í dalnum en einnig uppí Skænudal.

3.1.2 Skænudalur

Breitt var á um 137 ha svæði og notuð 18 tonn áburðar. Tekið var undir svæðið upp úr Skænudalshvilt og inn á Sveifarhæð, svo langt sem áburður dugði. Faxahúsum var sleppt að þessu sinni og áherslan öll sett á Skænudal. Með því hefur náðst meiri samfella í breiðslu hvers árs og t.d. sparað milliferðir við dreifinguna.

3.1.3 Glúmsstaðadalur

Breitt var á nyrsta hluta eldra svæðis, 24 ha, og farinn s.k. „barðahringur“ með 3,6 tonn áburðar. Auk þess voru notuð um 600 kg áburðar í handdreifingu í rofabörð á þessu svæði.

3.1.4 Laugavalladalur

Svæðið utan við Vesturdalsá og hluti Mógilsaura, um 64 ha, fékk 7,2 tonn af áburði í ár.

3.1.5 Hallarfjall

Um 26 ha um miðbik svæðisins fékk áburð að þessu sinni. Alls var breitt 2,4 tonnum og skammturinn því mjög lítill eða um 32 kg N/ha. Svæðið er með því hæst yfir sjó sem unnið er á á vegum sjóðsins, þurrt og gróðurvana. Almenn gengur þó furðu vel að koma gróðri til þarna en búast má við að hann þurfi töluvert viðhald næstu áratugina.

3.1.6 Múli

Á Múla var breitt 7,8 tonnum á 53 ha lands, nyrst og beggja vegna vegar að þessu sinni. Auk þess var 1 sekkur breidd með höndum í börð sem ekki verður komist að með vél. Hluti þessa var einnig notað inn við Mógilsaura.

3.1.7 Brú

Breitt var á 224 ha í landi Brúar og 30 tonn af áburði notuð. Syðst í Grænöxl næst Djúpagili og að Lambanesi. Einnig fyrir miðju niður að Jöklum, svæði sem varð útundan í fyrra. Borið var á nánast alla Gullborg ofan við brúnir. Ekkert var breitt á Vörðuhraun eða svæðið við Svínabúðalæk (Sprekdrag) að þessu sinni.

3.1.8 Heiðarsel

Breiddir voru um 25 ha og 3,6 tonn við Heiðarsel. Áhersla var á „blett“ sem hafði orðið útundan árin á undan en auk þess hlaðið í börðin þar sérstaklega ásamt því sem rúmunum sekk áburðar var handdreift þar líka. Stefnt er á að sinna þessu svæði betur næstu árin og m.a. styrkja torfur og tengja breiðslu á Grunnvatnsöldu við þær.

3.1.9 Grunnavatnsalda

Haldið var áfram með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra með svipaðan skammt og í fyrra, 16,2 tonn á 158 ha. Áhersla var á norðari hluta svæðisins ofan vegar og sérstaklega að tengja uppgræðslurnar vel inn í nærliggjandi gróður norðan við ölduna þar sem komist er að. Því var svæðið lítillega „þanið út“ niður af öldunni. Grunnavatnsalda er mjög stórt svæði og búast má við að þurfa að breiða einhvern hluta þess árlega næstu árin.

3.1.10 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið norður af Ánavatni. Nú fóru á það 8,4 tonn á 54 ha lands. Þetta árið var það syðsti hluti svæðisins sem m.a. teygir sig inn með Ánavatni sem breiddur var. Þessi hluti er mjög oft ófær framan af sumri vegna bleytu en var nú greiðfær vélunum. Einum sekk áburðar var auk þess handdreift í nágrenni Skollavíkur.

3.1.11 Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir

Breitt var á nyrsta hluta Lönguhlíðar, 117 ha og með 13,2 tonnum áburðar. Einnig undir Skollagrenisás að þjóðvegi og norður yfir hann á mel í átt að Háreksstöðum. Þarna fóru 9 tonn yfir 79 ha lands. Ekkert var breitt á Botna eða Bjallkolluhraun þetta árið. Á Toddastykki fóru 4,2 tonn þar sem farið var yfir 31 ha og auk þess 1 sekkur breiddur með höndum í börð af unglingaflokki.

Hluti rofs í Toddastykki verður við að laus efni sem koma úr börðum safnast í skafla sem færa sig yfir nærliggjandi gróður. Þannig rofnar sú vörn er gróðurhulan er og rofaöfl hafa greiðari aðgang að jarðvegi. Til að sporna við þessu var fyrir tveimur árum reynt að raðsa túnvingli í blöndu við rýgresi í sandfláka umhverfis virk rofabörð og draga þannig úr hraða rofsins. Ekki er útséð með árangur af því en a.m.k. er jákvætt að nú tveim árum eftir sáninguna er enn líf í sáningunni. Svæðið naut þess einnig að árferði var með besta móti og ummerki um áfok yfir gróðurtorfur hafa verið með minnsta móti síðustu tvö ár.

3.1.12 Skjöldólfsstaðhnjúkur

Ábornir voru 16 ha með 1,8 tonnum af áburði, norðan við það sem breitt var í fyrra. Aðstæður voru með besta móti þetta árið og bleyta ekki til vandræða eins og oft er.

3.2 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum

Á áreyrar var breitt á um 96 ha lands og notuð 14,4 tonn af áburði. Áherslan aðallega á svæðið utan við undan Hnitbjörgum og Galtastaðaeyrarnar.

3.2.1 Hólmatunga/Hnitbjörg

Breitt var um miðbik svæðisins sem ekki hafði fengið um nokkurra ára skeið. Alls voru breiddir þarna 36 ha með 5,4 tonnum áburðar.

3.2.2 Galtastaðir


Innri eyrin var hvíld þetta árið enda var farið þangað í fyrra með áburð og árangur ágætur. Áburður var breiddur á Ytri eyrina. Ætlunin var að styrkja það sem fyrr hafði verið unnið. Fyrir misskilning var breitt utan og norðan við það svæði sem unnin hafði verið árin á undan. Þar fóru 9 tonn á 60 ha lands. Hætt er við að a.m.k. hluti þessa nýja svæðis muni verða fyrir ágjöf er flæðir og verður spennandi að sjá hvernig því framvindur. Almennt virðist árangur af áburðargjöf á Galtastaðaeyrina takast með besta móti og árangur verið ótrúlega hraður.

3.3 Framlag til bænda


Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals um 121 ha til gróðurstyrkingar. Að mestu var unnið með vélum en í tilfelli Þríhyrningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.

3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.


Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10m x 10m flöt og þar með vísbending um hve mikla meðferð svæðið hefur fengið.




Mynd 4: Kort af syðstu svæðunum.




Mynd 5: Brú og nágrenni.



Mynd 6: Grunnavatnsalda og nágrenni.



Mynd 7: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlið, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldófsstaðahnjúk.



Mynd 8: Áreyrar Jöklu

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2019. Í henni sitja Jón Hávarður Jónsson fyrir Fljótsdalshérað sem tók við af Baldri Grétarssyni í upphafi árs, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson Landgræðslunni. Nefndin er stjórn til ráðgjafar m.a. vegna tilboða í áburðakaup. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annars svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur ársins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Jökuldalsheiðin

Veturinn var í meðallagi snjóþungur á svæðunum en tók upp snemma og voraði mjög vel framan af. Seinni hluti vorsins var mjög kaldur og það ásamt þurrki hamlaði gróðurþroska inn á sumarið. Áburðarbreiðsla fór fram á svipuðum tíma og undanfarin ár eða í byrjun júlí. Kuldar og vætuþið hömluðu gróðri allt sumarið. Haustið var þó gróðri ágætlega hagstætt og t.a.m. frysti óvanalega seint að haustinu. Vatnsbúskapur sumarsins var yfirleitt ekki til vandræða eftir að áburður komst á svæðin. Árangur breiðslu ársins var eftir atvikum, lakari en mörg árin. Breiddu svæðin litu þó mun betur út í haustskoðun en reiknað hafði verið með m.t.t. tíðar, og jafnvel betur en t.d. sum sem breidd höfðu verið árið áður. Áhugavert verður að fylgjast með þeim að ári.

Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

4.1.1 Vorskodun

Skoðunarferð var farin um heiðina 18.6.19 (Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var í meðallagi snjóþungur víðast hvar á svæðinu. Vorið var hlýtt framan af og leysing jöfn og góð en gekk svo hraðar en sum árin á undan vegna kulda er leið á vor og sumar. Gróður kom mjög seint til en kom þó ágætlega undan vetri. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 9: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu.



Mynd 10: Handavinnuflokkur unnið mikið starf í börðum á þessu svæði.



Mynd 11: Stök víðitorfa á Skænudal. Ekkert unnið á þessu svæði í sumar.



Mynd 12: Rýnt í torfuna. Áburðargjöf síðustu ára hefur styrkt hana töluvert.



Mynd 13: Séð yfir Faxasvæðið.



Mynd 14: Laugavellir. Líta talsvert betur út þetta árið eftir dreifinguna í fyrra.



Mynd 15: Laugavalladalur. Melsvæðið inn af Vesturdalsá. Sárin voru óðum að lokast en verulegur aukin ágangur búfjár í dalnum er áhyggjuefni.



Mynd 16: Stór svæði í dalbotni afar viðkvæm.



Mynd 17: Múli. Borið var á hægri megin 2018 en vinstra megin 2017.



Mynd 18: Múli. Ábórið árið áður.



Mynd 19: Suður á Múla.



Mynd 20: Norður af Múla.



Mynd 21: Séð norður á Grænaxlarsvæðið. Svæðið er afgirt og beitt að hluta.



Mynd 22: Séð suður á Grænaxlarsvæðið í átt til Múla.



Mynd 23: Landgræðslugirðing við Sænautasel.



Mynd 24: Bjallkolluhraun. Svæðið hefur tekur vel við áburði undanfarin ár. Ekki var borið á þarna í ár.



Mynd 25: Toddastykki.. Mikið laust efni er á svæðinu sem sverfur að eftirstandandi gróðri.



Mynd 26: Toddastykki. Enn má sjá líf í tilraun með sáningu frá árinu 2017 í einum "bollanum". Gengur takmarkað að koma gróðri til við þessar aðstæður.

4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 17.09.19 (Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom snemma undan snjó um vorið en kuldar framan af sumri héldu mjög aftur af venjulegri framvindu gróðurs. Auk þess var vatnsbúskapur erfiður er leið á vor og inn á sumar. Haustaði var milt og frost létu lítið á sér kræla fyrr en í lok okt. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 27: Langimór í Hrafnkelsdal. Unnið hefur verið þarna með hléum í mörg ár og kominn talsverður stöðugleiki í svæðið.



Mynd 28: Langimór.



Mynd 29: Skænudalur grýttur á kafla. Stærri skammtar notaðir á neðsta hluta 2017.



Mynd 30: Skænudalur. Sum staðar komin töluverð skán í svörð.



Mynd 31: Laugavalladalur.



Mynd 32: Laugavalladalur. Mjög viðkvæm kerfi þarna. Með uppgræðslu þarna er m.a. verið að stuðla að bindingu lauss sands og vikurs í dalnum.



Mynd 33: Múli. Alloft verið breitt þarna beggja vegna slóða.



Mynd 34: Sami staður og hér til hliðar.



Mynd 35: Við Svínabúðalæk. Svæðið fékk áburð í fyrra.



Mynd 36: Sami staður og hér til hliðar.



Mynd 37: Grunnvatnsalda. Yfirleitt líða nokkur ár á milli breiðslu svæða þarna.



Mynd 38: Við nyrðri enda Ánavatns. Börð fyrir miðri mynd hafa lokast töluvert.



Mynd 39: Botnahraun. Gamalt uppgræðslusvæði sem sjóðurinn hefur sinnt eftirfylgni á.



Mynd 40: Út af Lönguhlíð. Svæðið var breitt í sumar.



Mynd 41: Undir Skollagrenisási. Svæðið tekur yfirleitt vel við áburði, oft hæfilega rakt.



Mynd 42: Nærmynd af sama svæði.



Mynd 43: Ofan við Toddastykki séð til austurs.



Mynd 44: Ofan við Toddastykki, séð í norðurs.

4.2 Áreyrar

Árangur á áreyrunum var í slakara lagi sumarið 2019. Flóð í Jöklu voru minniháttar og höfðu engin teljandi áhrif á uppgræðslur þetta árið. Á svæðinu voraði óvenju snemma en um miðjan maí kólnaði og hafði það ásamt óvenju lítilli úrkomu fram á sumar, talsverð áhrif á framvindu gróðurs í sendnu landi. Seinni hluti sumars var hagstæðari hvað vatnsbúskap snerti og haustið milt. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða. Einnig má geta að sauðfjárvarnargirðing út Tunguna sem hluti svæðanna er á „bak við“ virðist ekki halda fé jafn vel og vonir stóðu til. Mikilvægt er að girðingahaldari tryggi betur rekstur girðingarinnar.

4.2.1 Vorkoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 19.6.19. Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi.



Mynd 45 : Víðir víða að ná sér á strik þar sem umhverfið er stöðugt og næst í raka.



Mynd 46: Skófir og mosar oft fyrsta skrefið.



Mynd 47: Melablóm.



Mynd 48: Lúpína finnst nú orðið víða austan við ána.



Mynd 49: Set í kjölfar flóða eða áfok hefur kæft lágvaxnari gróður a.m.k. tímabundið.



Mynd 50: Melur í Innri Galtastaðaeeyri.



Mynd 51: Innri Galtastaðaeeyri. Á ysta hlutinn lendir undir flóðavatni flest árin að hluta.



Mynd 52: Innri Galtastaðaeeyri. Enn talsvert af lausum sandi á svæðinu.



Mynd 53: Ríflega mannhæðar brúskar finnast á eyrunum. Melurinn bindur torfuna og gerir víðinum tilvistina mögulega.



Mynd 54: Galtastaðaeeyri. Hér hefur vatn skolað burt eldri uppgræðslu nærri jaðri á Ytri Galtastaðaeeyri.




Mynd 55: Surtstaðaeypri. Ummerki um flóðavatn.



Mynd 56: Surtstaðaeypri. Ummerki um nýlega áburðargjöf.



Mynd 57: Hnitbjörg. Súrur taka oft hvað best við sér við breiðslu á eyrarnar.



Mynd 58: Hnitbjörg. Sum staðar kominn allgóð gróðurþekja.



Mynd 59: Hnitbjörg. Melablóm áberandi þar sem breitt var árið áður.



Mynd 60: Geldingahnappur í breiðslu frá árinu á undan.



Mynd 61: Hnithbjörg. Víða má sjá leifar af sáningu frá fyrstu aðgerðum.



Mynd 62; Hnithbjörg.

4.2.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 25.9.19. Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðum.



Mynd 63: Hnithbjörg.



Mynd 64: Töluverð ummerki um beit ýmis konar.



Mynd 65: Surtstaðaeypri. Breidd síðast 2018.



Mynd 66: Surtstaðaeypri.



Mynd 67: Undir Kolöxl.



Mynd 68: Víðir í skjóli Beringspunts.



Mynd 69: Innri Galtastaðaeeyri. Svæðið hefur ekki verið breitt í mörg ár. Er stöðugt en framvinda hæg.



Mynd 70: Fátt annað en vingull og leifar af sáðum Beringspunti finnast á þessu svæði.



Mynd 71: Melur á Innri Galtastaðaeeyri. Flóðarásir skera svæðið.



Mynd 72: Innri Galtastaðaeeyri. Melurinn náði einhverjum fræþroska þrátt fyrir óhagstæða veðráttu.



Mynd 73: Galtastaðaeeyri. Árangur verið mjög góður flest árin á þessum slóðum. Ráðgjafarnefnd að störfum.



Mynd 74: Meðal fyrstu uppgræðslum á Galtastöðum.

4.3 Bændadreifing

Skoðunarferð var farin um bændasvæðin dagana 24-25.9.19. Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir úr ferðum. Eftirfarandi er tekið úr dagbók formanns ráðgjafanefndar:

24. september 2019

Vettvangsferð um þau svæði sem hafa fallið undir bændadreifingu. Byrjað var á Hákonarstöðum og farið með Sigvalda norður fyrir Þórfell og út að Hnjúksvatni. Þar er búið



Mynd 75: Hákonarstaðir.



Mynd 76: Hákonarstaðir.

að bera á æði stórt svæði í hlíðinni sunnan við vatnið, upp af Binnubúð. Góður árangur er af áburðagjöfinni og ákveðið að þarna megi halda áfram áburðagjöf næstu ár. Farið í Eiríksstaði og skoðað svæði upp með Búðará sem breitt hefur verið undanfarin ár. Svæðið er orðið vel



Mynd 77: Eiríksstaðir.



Mynd 78: Eiríksstaðir.

gróið og nánast fulluppgrætt. Skoða þarf hvort á að setja meira í það næsta sumar. Farið í Klaustursel og skoðað nýtt svæði yst á Hæðinni innan við Víðidalsá sem byrjað var á nú í vor.



Mynd 79: Klaustursel.



Mynd 80: Klaustursel.

Svæðið virðist taka vel við áburði. Þar eru næg verkefni til næstu ára. Farið var í Merki og skoðað svæði austur í Hálsi sem borið hefur verið á undanfarin ár. Greinilegur árangur er af



Mynd 81: Merki.



Mynd 82: Merki.

áburðargjöfinni. Þarna er hægt að halda áfram einhver skipti í viðbót. Farið í Mælivelli og skoðað svæði uppi í Hneflinum. Þar er búið að græða upp heilmikil ósamfelld svæði. Kominn er gróður í stóran hluta. Efsti hluti svæðisins er rýr og verður sennilega seint með



Mynd 83: Hnefilsdalur.



Mynd 84: Hnefilsdalur.

sterkri gróðurþekju. Hægt er að bera á þarna eitthvað áfram. Farið í Hnefilsdal og skoðað svæði í Húsárdal og á Bæjarfjalli. Svæðin sem eru neðst og í Húsárdalnum eru best gróin. Efstu svæðin þarna eiga sammerkt með Hneflinum að vera rýrt land. Hægt að bera á þarna eitthvað áfram. Þegar skoðun í Hnefilsdal var lokið var komið kvöld og ákveðið að taka það sem eftir væri daginn eftir.

25. september 2019

Kláruð vettvangsferð um þau svæði sem hafa fallið undir bændadreifingu og svo farið yfir landgræðslu á áreyrunum í Jökulsárhlíð og Hróarstungu. Byrjað var í Teigasel og skoðuð svæði á Kálfafelli og melkollar austur undir Tindafell. Greinilegur árangur er af



Mynd 85: Teigasel.



Mynd 86: Teigasel.

áburðargjöfinni og kominn gróður í stór svæði. Hægt er að halda áfram þarna í einhver ár.



Mynd 87: Teigasel.



Mynd 88: Teigasel.

Farið út á Dýjafjall og skoðað svæði á Dysjarmelum efst í Fagradalnum sem borið hefur verið á. Þeir eru vel grónir og hafa sýnilega tekið vel við sér. Hægt að halda þarna áfram einhver ár í viðbót.

5 Fundargerðir stjórnar 2019

5.1 Fundargerð 92.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs miðvikudaginn 16.01.2018. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mættir eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Björn Hallur Gunnarsson og Katrín Ásgeirsdóttir.

Sigvaldi setti fund kl: 15:00.

1. Samþykkt og undirritun 91. fundargerðar frá 5.12. 2018.

Fundargerðin undirrituð og samþykkt.

2. Áburðarkaup 2019 .

Málið áður á dagskrá á 91.fundi.

Jón Jónsson hrl kemur til fundar og fer yfir lagalega stöðu sjóðsins um innkaup.

Stefnt skal að viðhöfð verði verðkönnun á völdum áburðar tegundum áburðarsala úr vöruskrám þeirra.

Málinu frestað.

Samþykkt.

3. Verktakasamningar.

Málið áður á dagskrá á 91.fundi.

Jón Jónsson hrl fer yfir lagalega stöðu sjóðsins varðandi verkkaup.

Formanni falið semja uppkast að bréfi til íbúa Norður Héraðs um áhuga á verktakavinnu fyrir sjóðinn.

Málinu frestað til næsta fundar.

Samþykkt.

Jón Jónsson hrl yfirgefur fundinn og honum þökkuð koman.

4. Erindi frá Magnúsi Eiríkssyni f.h. landeigenda Fögruhlíðar og Hólmatungu.

Óskað er eftir styrk til dreifingar á rúllum. Eining er óskað eftir áburði til uppgræðslu á Jökulsáreyrum og Héraðsandi.

Málið verður afgreitt eftir samráðsfundi með ráðgjafanefnd.

Samþykkt.

5. Starfsáætlun 2018 – 2022.

Málið áður á dagskrá á 91. fundi.

Stefnt skal að fundi með ráðgjafanefnd mánudaginn 28.1. nk. Þar sem m.a. verði farið yfir landbótastarfið nk. 4 ár.

6. Önnur mál .

Engin önnur mál.

7. Afgreiðsla fundargerðar og fundarslit .

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 17:20.

Fundargerð ritar

Sigvaldi H Ragnarsson

5.2 Fundargerð 93.fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður – Héraðs fimmtudaginn 24.01.2019. Fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mættir eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Guðrún Ragna Einarisdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl: 15:00.

1. Samþykkt og undirritun 92. fundargerðar frá 16.01. 2019.

Fundargerðin undirrituð og samþykkt.

2. Ársreikningur 2018 lagður fram til undirritunar og samþykktar.

Sigurður Álfgeir Sigurðsson frá Deloitte mætti til fundar undir þessum lið. Fór Sigurður yfir ársreikning 2018. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2017). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr.322.258.015 (275.566.734.) Til ráðstöfunar á árinu 2019 eru áætlaðar 24,5 millj.kr sem byggir á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 1,20 %.

Eigið fé sjóðsins hækkar frá fyrra ári að mestu vegna viðauka samkomulags við Landsvirkjun dags. 8.mai 2018.

Að lokinni yfirferð var reikningurinn borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikninginn verður sendur til ríkisskattstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuð koman sem og veitt þjónusta Deloitte, vék hann hér af fundi.

3. Útgjaldaáætlun 2019.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2019.

Þóknun vegna fundarsetu 2019 taki mið af launataxta FOSA launaflokkur 120, 1. þrep eins og hann er á útborgunadegi launa. Nefndarmönnum verði greitt 12 % af umræddum taxta fyrir hvern setinn fund. Laun formanns 25 % af taxta. Akstur verði greiddur eftir ríkistaxta.

Áætlunin rúmast innan þeirrar heimildar sem kynntar voru í 2. lið þessa fundar.

Samþykkt samhljóða.

4. Verktavinna.

Málið var áður á dagskrá 91.og 92. fundar.

Formaður leggur fram drög að bréfi til íbúa Norður Héraðs þar sem kannaður verði áhugi á verktakavinnu fyrir sjóðinn .

Ákveðið að senda bréfið út ásamt ársskýrslu hið fyrsta.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

5.1. Samningur við Sparisjóð Austurlands.

Laus er samningur frá 2014 við Sparisjóð Austurlands um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins.

Formanni falið að vinna að málinu.

Engin önnur mál.

6. Afgreiðsla fundargerðar og fundarslit.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 17:35.

Fundargerð ritar

Sigvaldi H Ragnarsson.

5.3 Fundargerð 94. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs mánudaginn 28.01.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Eglisstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir, Guðrún Ragna Einarisdóttir varamaður í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Einnig eru mættir til fundar Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Rúnar Ingi Hjartarson fulltrúar ráðgjafanefndar sjóðsins.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Ársskýrsla 2018.

Rúnar hefur tekið saman efni í skýrsluna og er hún til umræðu. Rúnari falið að gera þær lagfæringar á skýrslunni sem fundarmenn hafa bent á gera meg. Stjórnar- og nefndarfólk fái send drög í tölvupósti af skýrslunni áður en til útprentunar kemur.

Samþykkt.

2. Landbótastarf næstu fjögur árin.

Rýnt var í landbótastarfið næstu fjögur árin. Stefnt er að svipuðu starfi og undanfarin ár. Hugað verði að tilrauna verkefnum tengdum landbótum.

Til umræðu.

3. Styrkbeiðni landeigenda Hólmatungu og Fögruhlíðar.

Málið áður á dagskrá 92. fundar.

Stjórn og ráðgjafanefnd tekur jákvætt undir erindið en óskar eftir nánari útlistun á verkefninu.

Samþykkt.

4. Önnur mál með ráðgjafanefnd.

Engin önnur mál.

5. Val á áburðartegundum fyrir landbótastarf 2019.

Baldur Grétarsson lýsir yfir vanhæfi sínu undir þessum lið þar sem hann er sölumaður á áburði og vikur hann hér af fundi.

Að höfðu samráði við ráðgjafanefnd felur stjórn formanni að senda eftirtöldum áburðarbirgjum boð um að taka þátt í verðkönnun á eftirfarandi áburðtegundum til landbótastarfs 2019.

Söluaðili Tegund

Búvís Völlur 27-12

Búvís Völlur 30-10

Fóðurblandan Fjölmóði 2

Fóðurblandan Fjölmóði 4

Sláturfélag Suðurlands (Yara) NP 26-4

Skeljungur Sprettur 26-13

Skeljungur Sprettur 35-15

Verðkönnunin verði metin út frá verði hreinna efna N og P.

Stjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða verðboðum sem er eða hafna öllum.

Stefnt skal að opnun verðkönnunar 7.febrúar 2019.

Samþykkt.

Dagbjartur og Rúnar yfirgefa fundinn að lið þessum loknum.

6. Undirritun og samþykkt fundargerðar frá 24.1.2019.

Fundargerðin lögð fram til undirritunar og samþykktar.

Samþykkt.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

8. Afgreiðsla fundargerðar og fundarslit.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt.
Fundi slitið 18:35.
Fundargerð ritar
Sigvaldi H Ragnarsson.

5.4 Fundargerð 95. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 07.02.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Guðrún Ragna Einarisdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Opnun á verðkönnun.

Mættir til fundar auk stjórnar Rúnar Ingi Hjartarson og Dagbjartur Jónsson frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Einnig eru mættir eftirtaldir fulltrúar söluaðila, Jón Björgvin Vernharðsson frá Skeljungi, Baldur Grétarsson frá Búvís, Jón Steinar Elísson frá Sláturfélagi Suðurlands og Sigurbjörn Snæþórsson frá Fóðurlöndunni.

Eftirfarandi verð hafa borist.

Tafla yfir verð á áburð 2019 með uppgefnum tölum frá tilboðsaðilum.

	Tegund	magn tn.	kr/tn án vsk	samt. án vsk	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	Annað
Búvís	Völlur 27-12	200,4	53.900	10.801.560		13.393.934.	15.mai	
Búvís	Völlur 30-10	200,4	51.260	10.272.504		12.737.905	15.mai	
Fóðurblandan	Fjölmóði 2 og 4 50 % 50 %	200,4		11.507.688		14.269.533	15.mai	
Sláturfélag Suðurlands	Yara NP 26-4	200,4	66.136	13.253.654	82.009	16.434.531	15.mai	
Skeljungur	Sprettur 26- 13	200,4					15.mai	Verð barst ekki.
Skeljungur	Sprettur 35- 15	200,4	67.000	13.426.800	83.080	16.649.232	15.mai	

Aukalega frá Fóðurlöndunni.

Fjölmóði 4 og NP 38-8 Urea 50% / 50 % kr 11.823.204 án vsk . 14.660.774 með vsk.
Fulltrúi Sláturfélags Suðurlands leggur fram fylgiskjöl varðandi vottun kolefnisskráningar Yara. Fulltrúi Skeljuns leggur fram fylgiskjöl varðandi staðreyndir um mikilvægi brennisteins fyrir gróður.

Fulltrúum áburðasala þökkuð koman.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Afgreiðsla.

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar þeim Dagbjarti og Rúnari Inga yfirfóru verðboðin. Að tillögu ráðgjafanefndar er formanni falið að ganga til samninga um kaup á 155,4 tonnum af Spretti OEN 35-15 fyrir kr. 12.910.632 með vsk. Styrkur hreinn efna í þessari tegund bendir til að draga megí úr heildarmagni áburðar yfir 20 % miðað við aðrar tegundir sem næstu stóðu í verði. Áburðurinn verður afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur að fullu.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur sameiginleg mál með ráðgjafanefnd.

Formaður gerði grein fyrir samtali við fulltrúa landeigenda Hólmatungu og Fögruhlíðar vegna styrkbeiðni þeirra. Málið áður á dagskrá á 92.og 94. fundar.

Málið í vinnslu.

Ekki fleira tekið fyrir undir þessum lið.

Rúnar Ingi og Dagbjartur yfirgefa fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

4. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 28.01.2019

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

5. Önnur mál.

5.1. Formaður gerði grein fyrir athugun á kjörum um um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins.

Málið áður á dagskrá 93.fundar.

Formanni falið að vinna málið áfram og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

Samþykkt.

Ekki fleiri önnur mál undir þessum dagskrárlið.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

7. Fundarslit kl 18:10.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.5 Fundargerð 96. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 14.03.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Guðrún Ragna Einarsdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 07.02.2019

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Áburðarkaup 2019.

Formaður hefur gengið frá kaupum á 155,4 tonnum af Spretti OEN 35-15 í samræmi við samþykkt 2.lið 95 fundar.

Formanni barst eftirfarandi fyrirspurn í tölvupósti 14. Feb frá Búvís ...“ óska eftir því að fá upplýsingar um útreikninga á tilboðum sem lagðir hafi verið til grundvallar ákvörðuninni um val á áburði og þá fyrir 2018 og 2019“ sent af Einari Guðmundssyni. Formaður fól samdægurs ráðgjafanefnd að svara þessu erindi enda ákvörðun stjórnar byggð á ráðgjöf nefndarinnar sbr. 2. lið 95. fundar.

8.mars 2019 barst formanni svar ráðgjafanefndar undirritað af Dagbjarti og Rúnari vegna fyrirspurnar Búvís, ekki fylgdu svarinu þeir útreikningar sem beðið hafði verið um. Formaður sendi Búvís það svar 12.3. sl..

13.3 2019 barst formanni aftur erindi frá Búvís svohljóðandi.

„Mig langar að senda formlegt erindi til stjórnar Landbótasjóðs í framhaldi af fyrirspurn minni sem ég hef ekki fengið svar við.“

Mig langar að óska eftir því að fá upplýsingar um útreikninga á tilboðum sem lagðir hafi verið til grundvallar ákvörðuninni um val á áburði og þá fyrir 2018 og 2019 „.

Eftirfarandi tillaga lögð fram .

Stjórn óskar eftir því við ráðgjafanefnd að hún komi sínum útreikningum til fyrirspyrjenda hið fyrsta.

Samþykkt samhljóða.

Formanni barst einnig ábending frá Jóni Steinari Elíssyni sölumanni Yara í tölvupósti 4.mars þar sem faglegt mat varðandi val á áburði er dregið í efa. Þessu erindi var einnig komið áfram til ráðgjafanefndar til úrlausnar.

Til kynningar.

3. Bætur vegna galla á áburði 2018.

Vegna galla sem kom fram í áburði 2018 hefur formaður samið við Búvís um uppgjör vegna þess. Krafa um bætur sem Búvís gekk að var byggð á gögnum sem formaður fékk frá verktökum. Þær upplýsingar reyndust ekki réttar, því þar var áburðargalli ofreiknaður. Endurskoðu samkomulagi formanns við Búvís lauk með því að samið var um afhendingu á þremur tonnum af Velli 30-10 án greiðslu og kaupum á 7,2 tonnum af Velli 30-10 fyrir kr 480.326 enda hafði verið gert ráð fyrir þessu magni til dreifingar í útgjaldaáætlun.

Samþykkt samhljóða.

4. Verktakasamningar.

Sent var út bréf til íbúa Norður Héraðs dagsett 18.febrúar 2019 þar sem óskað var eftir áhugasömum einstaklingum eða hópum til að vinna landgræðslustarf fyrir sjóðinn næstu fjögur árin. Eftirtaldir hafa óskað eftir samningum við sjóðinn.

Sigurður H Jónsson Mælivöllum um flutning á áburði.

Stefán Bragi Birgisson Galtastöðum ytri um vinnu við áburðardreifingu í Hróarstungu.

Agnar Benediktsson Hvanná 2 fyrir hönd fimm einstaklinga um landgræðslusamstarf.

Hópin skipa auk Agnars, Jón Björgvin Vernharðsson Teigasel 2, Snæbjörn V Ólason Hauksstöðum, Marteinn Óli Aðalsteinsson Klausturseli og Árni Jón Þórðarson Torfastöðum.

Stefnt að fundi með ofantöldum fimmtudaginn 21.mars. nk.

Samþykkt samhljóða.

5. Styrkbeiðni landeigenda Fögruhlíðar og Hólmatungu.

Málið áður á dagskrá 92.-94. og 95 fundar.

Borist hefur áætlun frá Magnúsi Eiríkssyni vegna málsins. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði unnið á næstu fjórum árum. Óskað er eftir 500.000 kr styrk vegna ársins 2019 til dreifingar á 150 rúllum auk 2,5 tonna af áburði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Lagt til að veita styrk vegna ársins 2019 til dreifingar á 150 rúllum kr 500.000 auk 2,5 tonna af áburði sem fellur undir framlög til bænda, enda telji ráðgjafanefnd þörf á þeim áburði samhliða rúlludreifingunni.

Skilyrði fyrir styrkveitingunni er að samráð skal haft við ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður Héraðs um framkvæmdina. Styrkurinn verður greiddur út að framkvæmd lokinni enda liggi fyrir úttektarskýrsla ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður Héraðs til stjórnar. Heimilt er að greiða hluta styrksins út fyrr þá í samræmi við stöðu verkefnis.

Samþykkt samhljóða.

6. Samningur um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins.

Formaður gerir grein fyrir sinni athugun og endurskoðenda sjóðsins á þeim kjörum sem í boði eru hjá fjármálastofnunum. Sú athugun hefur leitt í ljós að bestu kjörin eru í boði hjá Sparisjóði Austurlands.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Formanni falið að ganga frá samningi við Sparisjóð Austurlands um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins til næstu 5 ára.

Samþykkt samhljóða.

7. Skattamál.

Formaður átti fund með Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra 12. febr. sl. um stöðu sjóðsins og samræmingu áhrifa virðisaukaskatts á landsgræðslustarf. Í framhaldi af fundinum óskaði formaður að höfðu samráði við stjórn, eftir álit Jóns Jónssonar hrl. um stöðu sjóðsins vegna þessara mála. Jón hefur skilað af sér minnisblaði um heimildir til endurgreiðslu virðisaukaskatts og stöðu landgræðslu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Formanni falið að senda erindi til fjármálaráðherra þar sem óskað er eftir reglugerðarbreytingu svo sjóðurinn fái virðisaukaskatt af efniskaupum og verktakavinnu endurgreiddan.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

9. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

10. Fundarslit kl. 17:50

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.6 Fundargerð 97. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 21.03.2019 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Sólrún Hauksdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 15:00.

1. Samþykkt og undirritun 96. fundargerðar frá 14.09.2019

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Viðræður við verktaka.

Mættir kl 15:30, Agnar Benediktsson, Snæbjörn V. Ólason, Jón Björgvin Vernharðsson, Marteinn Óli Aðalsteinsson.

Ofangreindir yfirgefa fundinn kl 17:05 að loknum viðræðum við stjórn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Gengið verði til samninga við Agnar Benediktsson, Snæbjörn V. Ólason, Jón Björgvin Vernharðsson, Marteinn Óli Aðalsteinsson og Árna Jón Þórðason um vinnu á uppgræðslusvæðum í Hrafnkelsdal, Brúardölum, Jökuldalsheiði, áreyrum Jökulsár á Dal í Jökulsárhlíð til og með 2022.

Gengið verði til samninga við Stefán Braga Birgisson um vinnu á uppgræðslusvæðum áreyra í Hróarstungu til og með 2022.

Gengið verði til samninga við Sigurð H Jónsson um áburðarflutninga fyrir sjóðinn til og með 2022.

Formanni falið að senda samningsdrög á ofangreinda aðila fyrir 4. apríl nk.

Samþykkt.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

4. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

5. Fundarslit kl. 17:30

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.7 Fundargerð 98. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 19.06.2019 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Björn Hallur Gunnarsson og Guðrún Ragna Einarsdóttir í forföllum Katrínar Ásgeirsdóttur.

Sigvaldi setti fund kl 17:00

1. Undirritun og samþykkt 97. fundargerðar frá 21.3.2019.

Fundargerðin undirrituð og samþykkt.

2. Samningur um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins.

Málið áður á dagskrá 93. og 96. fundar.

28.mars sl. var gengið frá áframhaldandi samningi við Sparisjóð Austurlands um vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins. Samningurinn gildir í 5 ár frá undirritun. Fjárhæðin er nú inni á Bakhjarl 60, sem er verðtryggður reikningur, (verðtrygging reiknast mánaðarlega) bundinn í 60 mánuði. Reikningurinn er með breytilegum vöxtum samkvæmt vaxtatöflu Sparisjóðs Norðfjarðar, og eru vextirnir nú 1.90 % auk verðtryggingar. Í lok hvers árs verður greitt 1.0% vaxtaálag á ársvexti. Ársvextir yrðu því 2.90 % miðað við núgildandi vaxtatöflu.

Til kynningar.

3. Verktakasamningar til og með 2022.

Málið var áður á dagskrá á 97.fundi en þar var formanni falið að senda væntanlegum verktökum drög að samningi.

Formaður leggur fram til kynningar og samþykktar samninga við verktaka 2019-2022.

Undirritun samninga fer fram síðar á fundinum undir 7. dagskrárlið.

Samþykkt samhljóða.

4. Staða útgjaldáætlunar.

Formaður kynnti stöðu útgjaldaáætlunar.

Til kynningar.

5. Erindi frá Marteini Óla Aðalsteinssyni.

Erindi Marteins er svohljóðandi

„Ég undirritaður sækir hér með um fyrir jörðina Klaustursel að gerast þátttakandi í áburðargjöf á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Svæði til uppgræðslu er Hæðin milli Víðidalsár og Eyvindarár.

Þetta svæði er með rof á mörkum gróðurlendis og melarnir sem hæðst ber, rof sem getur aukist ef ekkert er að gert.

Með vaxandi umferð ferðamanna bæði í Grund og eins að Stuðlafossi, Stuðlagili og Eyvindarárgili er nauðsynlegt að bæta og styrkja ásýnd og gróðurþekju áður nefnds landsvæðis.“ Tilv lýkur

Eftirfarni tillaga lögð fram.

Stjórn samþykkir erindið með þeim skilyrðum að ráðgjafanefnd hafi skoðað svæðið og fallist á nauðsyn áburðardreyfingar á það. Fellur þetta undir framlög til bænda.

Samþykkt.

6. Verkáætlun landbótastarfs 2019. Ráðgjafanefnd kynnir tillögur sínar

Mætt er til fundar ráðgjafanefnd sjóðsins Jón Hávarður Jónsson og Dagbjartur Jónsson Rúnar Ingi Hjartarson.

Sú breyting hefur orðið á ráðgjafanefndinni að Baldur Grétarsson hefur fengið lausn frá nefndarsetu sinni og Jón Hávarður Jónsson var skipaður í stað Baldur á 295.fundi bæjarstjórnar Fljótshéraðs. Stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs þakkar Baldri gott samstarf á undanförunum árum. Jafnframt býður stjórn Jón Hávarð velkomin til starfa með ósk um gott samstarf að málefnum landbótasjóðs.

Ráðgjafanefnd fór um uppgræðslusvæðin á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal 18. júní sl.. Þá var farið um uppgræðslusvæðin á Jökulsáreyrum í Jökulsárhlíð og Hróarstungu í dag 19.júní.

Jón Hávarður gerði grein fyrir skiptingu þeirra 165,6 tonna af áburði sem borin verða á þetta sumarið, 127,8 tonn á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal. Lagt til að borið verði á áreyrar í Hróarstungu 9 tonn og 5,4 tonn á áreyrar í Jökulsárhlíð. Svonefnd framlög til bænda fái 17,4 tonn.

Auk þessa mun unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar dreifa 5,4 tonn af áburði. Gert er ráð fyrir lítilsháttar fræðreifingu en starfsmanni LV er falið að meta þörf fyrir fræ. Dreifing sú er vinnu flokkurinn framkvæmir er á svæðum sem ekki eru véltæk. Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu nú þegar á áður nefnd svæði.

Verkátun ráðgjafarnefndar 2019 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

7.1 Rúlludreifing Hólmatungu.

Ráðgjafanefnd hefur skoðað aðstæður í Hólmatungu en mun skoða málið betur.

Málið í vinnslu.

7.2 Bakkapróf

Formaður óskar eftir að Rúnar Ingi sinni bakkaprófum, komi til þess að hann geti ekki sinnt bakkaprófum verði stjórn látinn vita í tíma.

Einnig leggur formaður til að stjórn Landbótasjóðs, fulltrúar Landsvirkjunar og Landgræðslu fari yfir sameiginleg mál er varðar Landbótasjóð Norður Héraðs.

Samþykkt.

8. Undirritun samninga við verkataka til og með 2022

Mættir eru til fundar verktakarnir Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason, Jón Björgvin Vernharðsson, Marteinn Óli Aðalsteinsson, Árni Jón Þórðarson en þeir standa saman að samningi á uppgræðslusvæðum Jökuldalsheiði norðan Jökulsár á Dal, í Hrafnkelsdal, á svæðum austan Jökulsár á Dal og áreyrum Jökulsár á Dal í Jökulsárhlíð.

Mættur er Stefán Bragi Birgisson en hann stendur að samningi um uppgræðslusvæði á áreyrum Jökulsár á Dal í Hróarstungu.

Mættur er Sigurður H Jónsson eigandi Mælivalla ehf en hann stendur að samningi um áburðarflutning fyrir sjóðinn.

Samningar undirritaðir.

Fundarhlé kvöldverður.

Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks Landsvirkjunar mætir til fundar.

9. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv kynnt verkátun.

Jón Hávarður kynnti ný samþykkt verkátun 2019 fyrir verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv.

Þá var farið yfir nokkur framkvæmdaratriði í samskiptum stjórnar, ráðgjafanefndar og verktaka sem og starfsmanns Lv. varaðndi nokkur atriði meðhöndlun á gölluðum áburði. Stjórn mælist til með að verktakar taki myndir af vinnu við uppgræðslustörf og annað sem kann að nýtast sjóðnum í kynningarefni sínu.

10. Afgreiðsla fundargerðar.

Fundargerðin lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

11. Fundarslit kl 21:40

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

6 Ársreikningar

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2019

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2019, hreinni eign hans 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 29. janúar 2020

Deloitte ehf.


Sigurður Álfgeir Sigurðsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 6 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 18,1 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 6,8 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2019 nam 22 millj. kr., og óráðstafað í árslok 2,9 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2020 geti orðið u.þ.b. 21,1 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Brúarási, 29. janúar 2020

Í stjórn

Sigvaldi H. Ragnarsson
Katrín Ágústsdóttir
Þórunn Hauksdóttir

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2019

	Skýr.	2019	2018
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	6.546.110	6.041.787
Hreindýraarður		318.916	335.190
Framlög frá Alcoa	4	0	4.366.400
		<u>10.865.026</u>	<u>14.743.377</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	9	14.605.537	16.834.085
Fjármagnstekjuskattur	9	(3.212.902)	(3.703.498)
Vaxtagjöld	9	(1.450)	(1.220)
		<u>11.391.185</u>	<u>13.129.367</u>
		<u>22.256.211</u>	<u>27.872.744</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	10	(21.949.063)	(22.224.691)
		<u>(21.949.063)</u>	<u>(22.224.691)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(9.262.248)	41.043.228
		<u>(9.262.248)</u>	<u>41.043.228</u>
Hækkun (Lækkun) á hreinni eign á árinu	6	(8.955.100)	46.691.281
Hrein eign frá fyrra ári		<u>322.258.015</u>	<u>275.566.734</u>
Hrein eign í árslok	6	<u>313.302.915</u>	<u>322.258.015</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Langtimakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	31.780.980	41.043.228
		<u>31.780.980</u>	<u>41.043.228</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		381.030	200.685
Skammtimakröfur		2.181.286	2.165.233
		<u>2.562.316</u>	<u>2.365.918</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	5	278.959.619	279.454.423
		<u>278.959.619</u>	<u>279.454.423</u>
		<u>313.302.915</u>	<u>322.863.569</u>
Skuldir			
Skammtimaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		0	605.554
		<u>0</u>	<u>605.554</u>
Hrein eign		<u>313.302.915</u>	<u>322.258.015</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	6	2.912.499	2.431.922
Framlag Alcoa til ráðstöfunar á næsta ári		0	4.366.400
Til ráðstöfunar síðar	6	310.390.416	315.459.693
		<u>313.302.915</u>	<u>322.258.015</u>
Hrein eign samtals		<u>313.302.915</u>	<u>322.258.015</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	10.546.110	10.041.787
Aðrar innborgaðar tekjur	6	302.863	4.633.822
Innborgaðir vextir	9	11.392.635	13.130.587
		<u>22.241.608</u>	<u>27.806.196</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(22.734.962)	(21.642.628)
Vaxtagjöld	9	(1.450)	(1.220)
		<u>(22.736.412)</u>	<u>(21.643.848)</u>
Hækkun á handbæru fé		(494.804)	6.162.348
Handbært fé í ársbyrjun		<u>279.454.423</u>	<u>273.292.075</u>
Handbært fé í lok árs		<u>278.959.619</u>	<u>279.454.423</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 6 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjálst til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi, auk viðauka við samninginn, við Norður-Hérað nema alls kr. 220.000.000, og skulu þau greiddast á 20 árum. Framlögín eru verðtryggð með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 208.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2019	2018
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	208.000.000	204.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	65.537.464	58.991.354
Greitt alls.....	273.537.464	262.991.354
Framlög til og með árinu 2022.....	12.000.000	16.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	19.780.980	25.043.228
Óhafin framlög samtals.....	31.780.980	41.043.228
	<u>305.318.444</u>	<u>304.034.582</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Framlög frá Alcoa

Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Styrkur hefur fengist til tveggja ára upp á USD 80.000 og greiðist jafnt yfir tímann, þ.e. USD 40.000 pr. ár. Styrkurinn er ætlaður til uppgræðslu á landi. Fyrsti hluti styrksins fékkst greiddur 2017 og seinni hluti styrksins fékkst greiddur 2018.

5. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Austurlands.

6. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2019	2018
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	315.459.693	268.047.995
Viðbótar framlag Landsvirkjunar	0	50.208.934
Verðtrygging höfuðstóls	8.425.959	10.346.918
Laust til ráðstöfunar, 1/25 (1/26) hluti	(13.495.236)	(13.144.154)
	310.390.416	315.459.693
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	6.798.322	7.518.739
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	13.495.236	13.144.154
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	4.249.088	3.658.530
Hreindýraarður	318.916	335.190
Ráðstafað á árinu	(21.949.063)	(22.224.691)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	2.912.499	2.431.922
Framlög frá Alcoa	0	4.366.400
Hrein eign samtals	313.302.915	322.258.015

7. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

8. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

9. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2019	2018
Vextir af bankareikningi.....	14.605.537	16.834.085
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.212.902)	(3.703.498)
Vaxtagjöld	(1.450)	(1.220)
	<u>11.391.185</u>	<u>13.129.367</u>

10. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	13.390.958	12.806.601
Aðkeypt vinna verktaka	4.947.707	5.528.894
Flutningskostnaður	1.233.831	1.282.629
Gjaldfærð áhöld	0	7.995
Kynningarskilti	0	226.149
Vinnulaun	1.050.784	1.012.992
Akstur	178.044	247.280
Tryggingagjald	89.078	93.745
Lífeyrissjóður	120.840	108.279
Endurhæfingarsjóður	1.052	941
Fundakostnaður	56.000	54.023
Annar ósundurliðaður kostnaður	129.332	18.976
Aðkeypt sérfræðipjónusta	638.737	639.012
Lögfræðikostnaður	112.700	197.175
	<u>21.949.063</u>	<u>22.224.691</u>